

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Velferðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. nr. 36 - 36. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 7. nóvember 2023, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Deildin vísar til fyrri umsagna um málið á fyrri þingum en þær eru efnislega samhljóma þessari umsögn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur, en hann var fullgiltur hér á landi í desember 2016. Alþjóðasamningur hefur ekki bein réttaráhrif á Íslandi fyrr en hann hefur verið lögfestur. Lögfesting fyrrgreinds samnings yrði mikil réttarbót og myndi tryggja með lögum þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Markmið samnings er, líkt og í greinargerðinni segir, að "efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess". Íslandsdeild Amnesty International vill nota tækifærið og benda á að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. samningsins skuldbinda aðildarríkin sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar. Enn fremur kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samningsins og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skuli aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna. Hvatt er til þess að ofangreint samráð sé tryggt við innleiðingu samningsins.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum og til tryggingar þeirrar réttarverndar sem fatlað fólk á rétt á.

Virðingarfyllst



AMNESTY INTERNATIONAL
Íslandsdeild

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International